



Félag íslenskra snyrtifræðinga



1. tbl. 14. árg

Aukablað Íslensks iðnaðar

Október 2008

57. Ársþing CIDESCO var haldið í Baden Baden í Þýskalandi. Borgin er þekkt fyrir framúrskarandi heilsulindir sem sumar hverjar hafa verið starfræktar í aldaðir. Meðfylgjandi myndir tala sínu máli.



Myndir af ýmsum viðburðum ársins hjá FÍSF



bls. 2



Hvað gerir félagið fyrir mig?

bls. 2



57. ársþing CIDESCO

bls. 3



Meistari meistaranna... Sigrún í Paradís

bls. 4



Stórhátíð snyrtifræðinga 2009



Gott til endurvinnslu

Hvað gerir félagið fyrir mig?

Þegar ég var á námssamning fyrir um þrettán árum síðan heyrði ég fyrst af Félagi Íslenskra Snyrtifræðinga. Lærimeistari minn og starfsfólk stofunnar voru að sjálfsögðu í félaginu og ég beið spennt eftir að ná þeim merka áfanga að geta gengið í félagið og kynnst þessum félagsskap. Það hvíldi einhver dulúð yfir kvennahópnum og mér fannst þessar flottu konur svo spennandi og fullar af visku. Þegar sveinsprófi lauk sótti ég eins fljótt og auðið var um aðild sem mér fannst sjálfsgott og rökrétt framhald á faglegum og félagslegum þroska mínum. Það að vera tekin formlega inn í félagið, fá félagspenna og rauða rós var merkilegt í mínum huga. Það var ákveðinn áfangi sem stefnt hafði verið að í einhvern tíma. Við tók spennandi tími og kynni við frábærar konur og engu máli skipti hvað var um að vera á fundum alltaf mætti ég ef mögulegt var. Eins og oft vill verða eru nýjar og áhugasamar dömur „nappaðar“ í stjórnarstörf.

Ég var ein af þeim og hef setið sleitulaust í stjórninni í hartnær tíu ár. Ég hef unnið með fimm frábærum formönnum og stjórnarkonum sem allar hafa unnið óeigingjarnt sjálfboðastarf í þágu félagsins. Það hefur verið lagst á eitt að

þróa, bæta og efla félagið og hafa verið stigin nokkur mikilvæg skref fram á við, hænuskref þó! Í þjóðfélagi eins og okkar þar sem gífurlegur hraði og offramboð á möguleikum og afþreyingu ræður ríkjum á lítið fagfélag eins og okkar oft erfitt uppdráttar. Þá þarf að velja og hafna og spurningin, hvað gerir félagið fyrir mig? verður æ háværi eftir því sem árin líða. Það að vera félagsmaður veitir aðgang að margs konar endurmenntun, alheimspingum, sýningum, skemmtun af ýmsu tagi og frábæru fagfólki.

Eftir að hafa gengið til liðs við Samtök iðnaðarins hafa enn fleiri dyr opnast, m.a. lögfræðiaðstoð. SI gera okkur kleift að gefa út fagblað og dagbók einu sinni á ári. Allt það sem á undan er upp talið ætti að sjálfsögðu enginn fagmaður að láta fram hjá sér fara en hvað er það sem virkilega skiptir máli? Hvað gerir fagfélag að FÉLAGI? Er það ekki fólkið eða FÉLAGARNIR sem skipta mestu máli? Ættum við þá ekki einnig að spyrja okkur, hvað get ég gert til að efla félagið okkar?



Guðrún Pétursdóttir
formaður FÍSF

57. heimsping CIDESCO



Guðrún Pétursdóttir og Nína B. Sigurðardóttir á heimspingi CIDESCO

57. heimsping CIDESCO var haldið dagana 16.-20. júlí síðastliðinn í heilsulindabænum Baden-Baden í Þýskalandi. Að þessu sinni voru bara tveir félagsmenn sem lögðu land undir fót og voru það Guðrún Pétursdóttir formaður og Nína Björg Sigurðardóttir CIDESCO tengiliður. Sátu þær fyrir hönd Íslands aðalfund CIDESCO föstudaginn 18. júlí. Öll aðstaða og skipulag var til fyrirmyndar, góð dagskrá fyrirlestra og ágætis sýning.

Fimmtudaginn 6. nóvember munu Nína og Guðrún vera með fræðslukvöld um þingið. Er vonast efir góðri mætingu enda mikilvægt að félagið miðli því sem gerist á þingunum til þeirra félagsmanna sem hafa ekki tækifæri til að sækja þau heim.

Framtíðin björt á Snyrtibraut Fjölbrautaskólans



Nú þegar Snyrtibraut FB hefur haldið upp á 20 ára starfsafmæli líta kennarar skólans björtum augum til framtíðar og láta allt krepputal lítið á sig fá. Þeir vinna af kappi og verða tilbúnir með færa starfskrafta þegar efnahagurinn fer aftur í uppsveiflu. Nú standa yfir framkvæmdir við nýbyggingu skólans sem mun bæta verulega starfsumhverfi nemenda og kennara.

Ný framhaldsskólalög lofa góðu fyrir verkmenntabrautir þar sem áætlað er að meta í framtíðinni allar einingar teknar í framhaldsskólum jafnt. Er það nýlunda að fá einingar teknar á Snyrtibraut t.d. í líkamsnuddi eða fót snyrtingu metnar til jafns bókleg fög ef skipt er um brautir eða skóla. Þetta er mikilvægt ef nemandi

ákveður að halda áfram námi til stúdentsprófs eða mennta sig á öðrum sviðum.

Kennarar við Snyrtibraut FB sem allir hafa háskólagráðu í kennslu- og uppeldisfræðum hafa nú sest aftur á skólabekk. Þeir eru nemandi í eins árs endurmenntunarnámskeiði á vegum Háskóla Íslands. Markmiðið með náminu er að rannsaka og reyna að bæta og efla eigin kennsluaðferðir.

Námið er ögrandi og skemmtilegt og mun vafalaust koma núverandi og tilvonandi nemendum við snyrtibraut skólans til góða. Mikil áhersla hefur alltaf verið lögð á að fylgjast með nýjungum á markaði og taka umfjöllun um þær inn í námið. En nú vilja kennarar einnig huga að eigin starfsaðferðum og sjá til þess að ekki sé um neina stöðnun að ræða.

Þessi föngulegi hópur útskrifaðist úr Snyrtiakademíunni í Kópavogi síðastliðið sumar



Hvernig get ég ráðlagt karlmönnum um vaxmeðferðir

Fyrir karlmenn getur verið erfitt að koma í fyrsta skipti á snyrtistofu í vaxmeðferð, sérstaklega ef fjarlægja þarf hár á viðkvæmum stöðum. Snyrtifræðingar eru vanir því að sjá hár á ýmsum stöðum líkamans, en það er nauðsynlegt að láta viðskiptavininum líða þannig að hann sé ekki sá fyrsti til að láta vaxa hár af líkamanum. Andy Rouillard, eigandi vaxstofunnar Axiom Body Works í Basingstoke Bretlandi, sem einungis er fyrir karlmenn, ráðleggur nýjustu tækni og vörur til að draga úr óþægindum bæði fyrir viðskiptavininn og snyrtifræðinginn á meðan meðferð stendur.

„Nýjungin í vaxtækninni þar sem ekki er notast við vaxstrimla er nauðsyn fyrir snyrtistofur“ segir Rouillard.

„Ólíkt hefðbundinni vaxmeðferð sem hefur verið notuð með vaxstrimlum þá er nýja afhýðanlega vaxið þægilegra, því það þarf lægri hita, auðveldara að setja á húðina og verður sveigjanlegt á húð þegar það kólnar. Það gerir vaxmeðferðina þægilegri fyrir viðskiptavininn og upplagt fyrir viðkvæm svæði eins og andlit, undir höndum og nára.“

Önnur ráðlegging frá Rouillard er: „Hættið að nota púður og notið olíu undir vaxið í staðinn. Púðrið dregur í sig raka og getur orsakað að vaxið festist frekar við húðina, en þunni olíu filma á húðinni gerir það að verkum að auðveldara er að fjarlægja vaxið af húðinni.“

1. Útskýrðu ítarlega hvað þú ert að gera
2. Passaðu að strekkja vel á húðinni til að auðvelda vöxun
3. Losaðu þig við púðrið og notaðu olíu undir vaxið

Námskeið í Thai style nuddi

Annað árið í röð stóð félagið að því að fá erlendan kennara frá CIBTAC en það er fræðsludeild BABTAC félags breskra snyrtifræðinga. Námskeiðið er viðbótarnám fyrir útlærða snyrtifræðinga (post graduate) og við lok námskeiðsins fengu þátttakendur sent viðurkenningarskjal.

Að þessu sinni var boðið upp á Thai style einnig þekkt sem Priadara Thai-style nudd sem hefur verið gríðarlega vinsæl meðferð á stofum erlendis. Ekki er vitað til þess að námskeið í Thai style nuddi hafi boðist okkur hér heima hingað til. Kennarinn og snyrtifræðingurinn Carole Lindsay sem er búin að starfa við kennslu í snyrtifræði í 17 ár var kennari námskeiðsins. Áhugasvið hennar liggur í heilðrænum meðferðum og sérstaklega Thai nudd aðferðum sem hún hefur sérhæft sig í.

Tvö dagsnámskeið voru haldin, annars vegar laugardaginn 23. febrúar og hins vegar sunnudaginn 24. febrúar. Ákveðið var að hafa þetta námskeið í framhaldi af aðalfundi til þess að félagsmenn sem koma langt að gætu nýtt helgina vel.

Í Thai style nuddi eru notaðir heitir jurtafylltir púðar sem kallast "Prakop" til að nudda húðina. Hægt er að bjóða upp á þetta nudd í líkams- og andlitsmeðferðum og hand-og fótisnyrtungum. Á námskeiðinu var bæði líkami og andlit tekið fyrir. Unnið var með 12 mismunandi jurtum í púðunum þ.á.m. Turmeric, Pandanus, Tamarine og Kaffir Lime Leaves.

Námskeiðið var niðurgreitt af FÍSF og kostaði því einungis kr. 17.000. Innifalinn voru námskeiðsgögn, jurtir, tælenskur hádegisverður, kaffi og viðurkenningarskjal. Því miður var þátttaka dræm og



hefur verið ákveðið í framhaldi að hvíla aðeins námskeið með erlendum kennara. Vonandi verður þó góð þátttaka næst þegar félagið stendur fyrir svona námskeiði þar sem mikil vinna liggur að baki auk umfram kostnaðar sem félagið verður fyrir þegar lítil þátttaka fæst. Endilega verið duglegar að láta vita hvort áhugi sé á svona námskeiðum og þá hvernig námskeiðið.

Meistari meistaranna.... Sigrún í Paradís

Stjórn FÍSF fékk fréttir af því að einn meistari væri að gefa nýútskrifuðum sveinum hjá sér ársaðild að FÍSF.

Fannst stjórninni þetta framtak svo frábært og tilvalið að segja frá því í blaðinu. Hér sjáum við myndir af stúlkunum þremur sem fengu gjöfina ásamt meistaranum sínum, Sigrúni í Paradís.

Stjórn FÍSF vill þakka Sigrúnu fyrir þetta glæsilega framtak og vona til að fleiri fari að hennar frumkvæði.



SI

Íslenskur iðnaður

Aukablað Samtaka iðnaðarins
1. tbl. 14. árg. Október 2008
ISSN 1022-7741
Fór í prentsmiðju: 24.10.2008

Prentvinnsla: Prenttækni ehf.
Ljósmyndir: Odd Stefán
Útgefandi: Samtök iðnaðarins
Borgartúni 35, 105 Reykjavík
Sími: 591 0100, fax: 591 0101
Kennitala: 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is

Ábyrgðarmaður: Sigríður Guðlaugsdóttir
Ritstjórn: Guðrún Pétursdóttir, Nína Björg
Sigurðardóttir, Ólafía Magnúsdóttir
Umbrot: Þóra Ólafsdóttir
Málfarsráðgjöf: Sigríður Guðlaugsdóttir, Rakel Pálsdóttir
Fjölmiðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskur iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.



Prófessor Aubrey Parson og Inga Kolbrún
Hjartardóttir, skólastjóri Snyrtiakademiunnar

Vel heppnuð kynning

Snyrtiakademian og heildverslunin Hjölur héldu kynningu á nýrri húðmeðferðarlínu sem heitir NIMUE í KSÍ stúkusal á Laugardalsvelli þann 8. september sl. Yfir 150 gestir sóttu kynninguna og var gaman að sjá hve margir snyrtifræðingar og nemar í snyrtifræðum höfðu áhuga á að fræðast um NIMUE.

Prófessor Aubrey Parsons sem íslenskir snyrtifræðingar hafa kynnst á alþjóðlegum þingum erlendis leiddi gesti í gegnum vísindin á bak við NIMUE. Aubrey er hugmyndasmiðurinn á bak við virku efnin og samsetninguna á bak við NIMUE. Sonette Turner snyrtifræðingur og alþjóðlegur leiðbeinandi línunnar fór

yfir hugmyndafræðina á bak við NIMUE.

Vörulínan hefur hlotið viðurkenningar víða um heim fyrir nýstárlegar efnasamsetningar sem byggja á samsetningu virkra efna. NIMUE vörurnar samanstanda af virkum efnum svo sem AH sýrum, A-vítamíni, E-vítamíni, andoxunarefnum, peptíðum og öðrum hágæða jurtaefnum. Þær innihalda hvorki mineral olíu né lanolin.

NIMUE er nýjung hér á landi. Þessi meðferðarlína hentar öllum og býður upp á lausnir fyrir alla aldurshópa og bæði kynin. Boðið var upp á léttar veitingar, gestir fengu glæsilegar gjafir og gafst jafnframt tækifæri til að skoða og spyrjast fyrir um NIMUE.

Dagskrá vetrarins 2008 - 2009

24. september '08- Haustfundur FÍSF – Jákvæð Sálfræði

12.-13. október '08 – Professional Beauty NORTH, Manchester Central

6. nóvember '08- Fræðslukvöld um Cidesco þing sem var í Baden Baden

29. janúar '09 - Fræðslukvöld – Þema kvöldsins er SJÓR

20. febrúar '09 - Aðalfundur FÍSF

1.-3. Mars – Professional Beauty & Professional Spa, ExCel London

6. mars – Iðning SI

28. mars '09 - AFMÆLISÁRSHÁTÍÐ FÍSF

15. apríl '09 - Fræðslukvöld – SPA



Félag íslenskra
snyrtifræðinga

Stórhátíð
snyrtifræðinga

Þann 28. mars 2009 hittast allir, eldri og yngri snyrtifræðingar á Íslandi. Við fögnum 30 ára afmæli Félags íslenskra snyrtifræðinga á Grand hótél. Allir snyrtifræðingar velkomnir.

Undirbúningsnefndin óskar eftir gömlum myndum og öðru sögu legu sem tengist starfsgreininni.

Í undirbúningsnefnd eru:

Alma Guðmundsdóttir, gsm 898 3887
Guðrún Þorbjarnardóttir, gsm 898 1059,
Ásta Hannesdóttir, gsm 891 9201
Katrín Þorkelsdóttir, gsm 660 8266